

1943

Fimmtudaginn 4. nóvember 1993.

Nr. 251/1993. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Hafsteini Sveinbirni Péturssyni

(Kristján Stefánsson hrl.).

Kynferðisbrot. Barn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði áfrýjaði héraðsdómi í heild sinni til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 149. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Af hálfu ákærvalds hefur málinu verið áfrýjað með stefnu 7. júní 1993 til þyngingar á refsingu.

Þegar virt eru þau gögn og framburður, sem gerð er grein fyrir í héraðsdómi, er fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að ákærði hafi gerst sekur um athæfi það, sem lýst er í ákæru málsins. Verður að leggja til grundvallar, að það hafi átt sér stað á árinu 1989 og fram á árið 1990, en ekki 1991, eins og í héraðsdómi segir. Með þessu hefur ákærði gerst sekur um kynferðismök, sem féllu undir 202. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en nú undir fyrri málslíð 1. mgr. 202. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992. Ekki eru hins vegar efni til að sakfella ákærða jafnframt fyrir brot gegn 209. gr. hegningarlaganna, sbr. 15. gr. laga nr. 40/1992, eða 45. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna, sbr. nú 66. gr. laga nr. 58/1992 með sama heiti.

Þar sem miða ber við, að atferli ákærða hafi lokið snemma árs 1990, hefur hann ekki rofið skilorð dóms sakadóms Hafnarfjarðar 29. júní 1990, svo sem talið er í héraðsdómi. Samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga verður refsing ákærða hins vegar ákveðin eftir reglum 78. gr. laganna með tilliti til fyrrgreinds dóms.

Þegar litið er til þess, að brot ákærða beindist að 5 - 6 ára gömlu stúlkubarni, og til annarra atvika, er refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi tólf mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hafsteinn Sveinbjörn Pétursson, sæti fangelsi tólf mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 11. maí 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 11. maí, er í Héraðsdómi Reykjaness, Brekkugötu 2, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 905/1992: Ákærvaldið gegn Hafsteini Sveinbirni Péturssyni, sem dómtekið var 20. apríl sl.

Málið dæmir Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 13. maí 1992, á hendur Hafsteini Sveinbirni Péturssyni, Reykjavíkurvegi 16, Hafnarfirði, fyrir skírlífisbrot með því að hafa nokkrum sinnum á árunum 1989 og 1990 sýnt telpunni X, fæddri [...] 1983, kynferðislega áreitni með því að strjúka og setja fingur og einu sinni tannbursta inn í kynfæri telpunnar með þeim afleiðingum, að meyjarhaft telpunnar rofnaði. Brotin framdi ákærði á heimili sínu að Álfaskeiði 76, Hafnarfirði, og að Hlíðarhvammi í Kópavogi.

Telst þetta varða við 202. gr., sbr. 1. mgr. 200. gr., og 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 45. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 53/1966.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

— — —

Niðurstaða.

Með játningu ákærða er sannað, að hann hefur þrívægis þuklað á stúlkunni X utan klæða, svo sem að framan er lýst, og gerðist þetta árið 1989 og svo í byrjun árs 1991. Þrátt fyrir neitun ákærða um að hafa haft í frammi við stúlkuna frekari áreitni, svo sem lýst er í ákæru, verður að telja, að önnur gögn málsins hnígi mjög að því, að hann sé sekur um þá háttsemi. Eftir að teknar hafa verið vitnaskýrslur af Aðalsteini Sigfússyni

sálfræðingi og læknum Þóru Fischer og Jóni R. Kristinssyni, svo stúlkunni X, hefur gildi vottorðs lækna og skýrsla sálfræðingsins í málinu, en þau staðfestu þessi gögn sem rétt, aukist sem sönnunargagna. Vitnið Aðalsteinn hefur borið, að stúlkan hafi skýrt því frá atvikum, sem fram komi í skýrslu þess og í samræmi hafi verið við frásögn hennar, er það hafi spurt hana aftur um efnið, og taldi það stúlkuna þrýðilega gefna og frásögn hennar trúverðuga. Vitnið Jón R. Kristinsson barnalæknir hafði og eftir stúlkunni frásögn, sem var mjög á sama veg og frásögn hennar við vitnið Aðalstein. Stúlkan hefur og borið hér fyrir dómi um atvik, og var framburður hennar skýr og í samræmi við fyrri frásagnir. Þegar þess vegna er virt, að ákærði er ekki frá fyrstu hendi stöðugur í framburði sínum, heldur neitaði fyrst algerlega allri sök, en dró svo nokkuð í land, en framburður stúlkunnar í upphafi mjög skýr um kæruefni, er hún kemur í viðtal hjá sálfræðingi, og gætir samræmis í honum, bæði er hún greinir læknum frá, og einnig, er hún lýsir atvikum hér fyrir dómi, og er hún viss um það að hafa orðið fyrir því áreiti, sem hún lýsir, og bæði læknisvottorð og vætti Þóru Fischer kvensjúkdómalæknis er á þann veg, að óvenjuvitt hymenop stúlkunnar og rof á meyjarhafti geti verið af völdum þess áreitis, sem telpan kveður ákærða hafa sýnt sér, og ekkert er fram komið, að annað hafi gerst gagnvart stúlkunni, sem skýrir áverkann, verður að telja svo sterkar líkur vera komnar fram fyrir því, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem í ákæru greinir, að um lögfulla sönnun sé að ræða, og hefur hann með því gerst brotlegur við þau refsíákvæði, sem greind eru í ákæru, sbr. nú lög nr. 40/1992.

Sakaferill ákærða er þannig, að hann hefur frá árinu 1976 hlotið fimm dómsáttir, þar sem honum hefur verið gert að greiða sektir og hlíta ökuleyfisviptingum fyrir brot á áfengislögum, umferðarlögum og tékkalögum. En það að auki hefur hann á tímabilinu fengið ákærufrestun í tvö ár fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. alm. hegningarlaga, 15. 12. 1976 og svo þrjá dóma í sakadómi Hafnarfjarðar.

- 1987 26. 6. Kjósars., Hafnarfjörður. Dómur: Fangelsi 45 daga, skb. 2 ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. alm. hgl.
- 1988 15. 7. Kjósars., Hafnarfjörður. Dómur: 40.000 kr. sekt fyrir brot gegn 215. gr. alm. hgl., 1. og 2. mgr. 36. gr. umfl. Svíptur ökuleyfi 14 mán. frá 28. 3. 1989.
- 1990 29. 6. Kjósars., Hafnarfjörður. Dómur: Varðhald 15 daga. Fangelsi 60 daga, skb. 3 ár, fyrir brot gegn 157. gr. alm. hgl., 1. mgr. 63. gr. umfl. og tékkal.

Með brotum þeim, sem ákærða var dæmd refsing fyrir í síðastgreinda dóminum, rauf hann skilorð samkv. dómi frá 26. 6. 1987, og var refsing

hans því ákveðin með hliðsjón af 60. gr. almennra hegningarlaga. Þegar svo nú er virtur framburður ákærða og vætti vitna í málinu, þykir ljóst, að ákærði hefur gerst brotlegur við almenn hegningarlög eftir uppkvaðningu þess dóms og með því rofið skilorð hans, og ber því í máli þessu að dæma í einu lagi fyrir þau brot og þau, sem fjallað hefur verið um í máli þessu.

Refsing ákærða er ákveðin með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Við refsimat í málinu þykir rétt að taka tillit til þess, hversu afleiðingar af brotum ákærða eru miklar, en hins vegar verður og að líta til þess, að nokkuð langur tími er um liðinn, frá því að brotin voru framin og ákærði virðist á tímabilinu hafa leitað sér lækninga vegna hinna afbrigðilegu kennda, sem hann viðurkennir að hafa fundið fyrir í samskiptum sínum við X. Refsing ákærða þykir að þessu athuguðu hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu refsingar á 9½ mánuði af refsingunni, og niður skal hún falla að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, sem ákveðast 45.000 kr., og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., sem ákveðast 45.000 kr. auk virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hafsteinn Sveinbjörn Pétursson, sæti fangelsi í tólf mánuði, en fresta skal fullnustu 9½ mánaðar af refsingunni, og niður skal hún falla að liðnum þremur árum, haldi hann almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar hæstaréttarlögmanns, 45.000 kr.